Heimili og skóli
Landssamtök foreldra



ÁRSSKÝRSLA 2023

Aðalfundur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra haldinn 28. maí 2024 í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla, Skeifunni 19, 108 Reykjavík.

Útgefandi: Heimili og skóli - landssamtök foreldra
Skeifunni 19, 4. hæð
108 Reykjavík

Ritstjórn: Sigurður Sigurðsson
Umbrot og hönnun: Eyrún Eva Haraldsdóttir og Dagbjört Harðardóttir
Ábyrgðarmaður: Þorvar Hafsteinsson
Prentun: Litlaprent

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR 6

1. STJÓRN OG STARFSFÓLK HEIMILIS OG SKÓLA 7

1.1. Stjórn 7
1.2. Stjórnarfundir 7
1.3. Starfsfólk 7

2. STARFSEMI 7

2.1. Húsnæði 7
2.2. Samstarfssamningar 7

3. HELSTU VERKEFNI 8

3.1. Ráðgjöf og upplýsingar 8
3.1.1.Tölfræði 8
3.2. Þjónusta við skólasamfélagið 9
3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök 10
3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 10
3.5. Starfskynning 12
3.6. Endurreisn foreldrastarfs 12
3.7. Dagur gegn einelti 12
3.8. Fræðslusamningar við sveitarfélög 13
3.9. Samtal við vettvang - ferð um landið 13

EFNISYFIRLIT

4. SAFT 13

4.1. Aðgerðaráætlun um örugga netnotkun 13
4.2. SAFT verkefnið á Íslandi 13
4.3. Framkvæmd verkefnisins 14
4.4. Fræðsluerindi 14
4.5. Vefsíður og samfélagsmiðlar 14
4.6. Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 14
4.7. Ábendingahnappur 14
4.8. TUMI - tengslanet um miðlalæsi 14
4.9. Menntaflétta um stafræna borgaravitund 14
4.10. Ungmennaráð SAFT 14
4.11. Stafrænir foreldrafundir 15
4.12. Snjallvagninn - stafræn borgaravitund barna 15
4.13. Eldri kennir yngri - Jafningjafræðsla 15

5. ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG MIÐLAR 15

5.1. Foreldrasáttmáli, handbækur og bæklingar 15
5.2. Netsáttmáli 15
5.3. Læsissáttmáli 15
5.4. Tímarit Heimilis og skóla 15
5.5. Hlaðvarp Heimilis og skóla / SAFT 16
5.6. Heimasíða og samfélagsmiðlar 16

6. SAMSTARF INNANLANDS 16

6.1. Samantekt vinnuhópa og nefnda 16

7. ERLENT SAMSTARF 17

7.1. NOKO - Nordisk Komitté 17
7.2. NABO - Norrænt samstarf gegn einelti 17
7.3. Samstarfsverkefni - Pólland 18
7.4. Svipmyndir frá árinu 18

8. LOKAORÐ 20

VIÐAUKI: LÖG HEIMILIS OG SKÓLA - LANDSSAMTAKA FORELDRA 23

INNGANGUR

Tilgangur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu á öllum skólastigum. Samtökin eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnmálaflokkum og trúfélögum. Einstaklingar eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna og mennta- og barnamálaráðuneyti hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Samtökin eru umsjónaraðili SAFT (samfélag, fjölskylda og tækni) sem er samstarfsverkefni um jákvæða og örugga net- og miðlanotkun barna og ungmenna á Íslandi. Verkefnið hefur verið styrkt af Evrópusambandinu og íslenskum stjórnvöldum en árið 2023 var það fjármagnað af mennta- og barnamálaráðuneytinu. SAFT er í samstarfi við önnur Evrópulönd í gegnum INSAFE-netverkið og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu. Árið 2023 var síðasta árið sem Heimili og skóli hafa umsjón með SAFT verkefninu en 1. janúar 2024 fór umsjón verkefnisins yfir til Fjölmiðlanefndar

Heimili og skóli eiga í víðtæku samstarfi við ýmsa aðila um uppeldi, forvarnir, velferð og menntun. Helstu verkefni samtakanna felast í útgáfu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, skóla og annarra sem vinna með börnum og ungmennum, ásamt því að vera málsvari foreldra á opinberum vettvangi og taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu. Einnig er boðið upp á fræðslu fyrir nemendur um jákvæða miðlanotkun og netöryggi.

Helsta áhersla samtakanna árið 2023 var tvímælalaust verkefnið Endurreisn foreldrastarfs eftir kóvid en farnar voru fjölmargar fundaferðir um land allt ásamt því að Farsældarsáttmálinn var gefin út.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar til og með desember 2023 og fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna.

1. STJÓRN OG STARFSFÓLK HEIMILIS OG SKÓLA

1.1. STJÓRN

Á aðalfundi var kosið um þrjú sæti í stjórn auk þess var varamaður kosinn í stjórn til eins árs samkvæmt lögum samtakanna. Kosningu til tveggja ára setu í stjórn hlutu Salka Hauksdóttir og Héðinn Svarfdal. Kristín Ólöf Grétarsdóttir var kjörin í stjórn á fundi fulltrúaráðs sem fulltrúi þess í stjórn. Daníel Sigurður Eðvaldsson var kosinn varamaður í stjórn til eins árs.

Stjórn samtakanna skipa eftirfarandi:

Þorvar Hafsteinsson, formaður – Kópavogi
Alma Björk Ástþórsdóttir, varaformaður – Garðabæ
Salka Hauksdóttir - Reykjavík
Elín María Jónsdóttir - Mosfellsbæ
Jóhann Gunnarsson - Akureyri
Héðinn Svarfdal Björnsson - Akureyri
Kristín Ólöf Grétarsdóttir - Foreldraráð Hafnarfjarðar - Hafnarfjörður
Daníel Sigurður Eðvaldsson – Varamaður - Akureyri

Kjörnir skoðunarmenn eru Hilmar Ingimundarson og Hlíf Böðvarsdóttir.

1.2. STJÓRNARFUNDIR

Haldnir voru 12 stjórnarfundir á starfsárinu 2023.

1.3. STARFSFÓLK

Starfsfólk Heimilis og skóla hafa víðtæka reynslu og menntun í uppeldis- og menntunarfræði, kennslufræði, náms- og starfsráðgjöf, sálfræði, aðferðafræði, mannauðsstjórnun og alþjóðasamskiptum.

Starfsfólk samtakanna árið 2023 voru:

Arnar Ævarsson, framkvæmdastjóri
Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT
Bryndís Jónsdóttir, sérfræðingur
Eyrún Eva Haraldsdóttir, sérfræðingur
Hildur Halldórsdóttir, sérfræðingur
Sigurður Sigurðsson, sérfræðingur/staðgengill framkvæmdarstjóra
Dilja Björk Styrmisdóttir, sérfræðingur

2. STARFSEMI

2.1. HÚSNÆÐI

Samtökin fluttu í nýja þjónustumiðstöð á Skeifunni 19, 4. hæð árið 2023. Húsnæðið var leigt af Eik fasteignafélagi. Foreldrar og aðrir geta sótt ýmsa þjónustu, svo sem ráðgjöf, fræðsluefni og upplýsingar til samtakanna í þjónustumiðstöðina. Þar er einnig fundaraðstaða.

2.2. SAMSTARFSSAMNINGAR

Samstarfssamningur til fimm ára við mennta- og menningarmálaráðuneytið var undirritaður í Norðlingaskóla 3. febrúar 2020 og gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2024. Samningurinn felur í sér fjárframlag til að efla samstarf heimila og skóla í landinu sem og að sinna ákveðnum verkefnum sem tilgreind eru í samningi. Samningurinn er mjög mikilvæg stoð til að tryggja rekstur samtakanna og öflugt samstarf við menntayfirvöld í landinu. Samningur til lengri tíma stuðlar að stöðugleika í rekstri og öflugra og skilvirkara starfi samtakanna.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004 og hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT. Verkefnið hefur verið styrkt af ESB en ekki fékkst styrkur árið 2022 og var verkefnið fjármagnað af mennta- og barnamálaráðuneytinu fyrir árið 2022.

3. HELSTU VERKEFNI

3.1. RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

Leitað er til þjónustumiðstöðvar Heimilis og skóla eftir upplýsingum, ráðgjöf og stuðningi af foreldrum, skólastjórnendum, kennurum og öðrum hagaðilum skólamála. Fjölmiðlar leita einnig talsvert til samtakanna um ýmis mál er koma að foreldrastarfi, skólamálum og almennri velferð barna.

Heimili og skóli bjóða upp á fjölbreytta fræðslu fyrir börn, foreldra og starfsmenn skóla og var talsverð eftirspurn eftir þeirri þjónustu á árinu 2022. Í ljósi aðstæðna undanfarin ár þá hefur verið aukið við framboð hvað varðar rafræn erindi, kynningar og fræðslumyndbönd og hefur það tekist vel og þar með aukið aðgengi ólíkra hópa að þjónustu okkar. Starfsfólk samtakanna hefur verið skapandi við að finna nýjar lausnir, leiðir og efni til að koma til móts við félagsmenn og aðra hagaðila og hefur því verið vel tekið.

3.1.1. TÖLFRÆÐI

Haldið er utan um ráðgjöf Heimilis og skóla með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar eru einkum skráð símtöl en einnig önnur ráðgjöf s.s. með tölvupósti og samfélagsmiðlum.

Þegar eðli fyrirspurna er tekið saman er langoftast haft samband til að fá upplýsingar (80%) en því næst koma athugasemdir vegna skólasamfélags (14%). Svo kemur beiðni um styrk eða kynningu (3%) og fyrirspurnir um félagatal eða reikninga (3%), sjá mynd 1.


Ráðgjöfin árið 2023 fór langoftast fram í gegnum síma (93,3%). Oftast er hringt í tengslum við grunnskólastigið og því næst kemur leikskólastigið og loks framhaldsskólinn. Þegar kemur að námi er oftast hringt vegna vinnuaðstæðna nemenda (37%) og fyrirspurnir um lög eða reglugerðir (27%). Svo koma flokkarnir kennsla (9%) og samskipti við sveitafélögin (18%)

Þegar kemur að líðan nemenda er oftast hringt vegna eineltis (41%) og því næst vegna velferð nemenda (12,8%) og félagsleg einangrun (12,8%). Þar á eftir kemur kvíði (10,3%) og nemendavernd (10,3%). Aðrir þættir eru rúmlega 12,8% sem eru hegðun, ADHD, sorg og þunglyndi. Oft skarast flokkunin þar sem sama mál getur fallið undir nokkra flokka. (sjá mynd 1)


Þegar ráðgjöfin tengdist skólanum var oftast rætt um samskipti (58,3%) og aðbúnað, öryggi og umhverfi (25%). Þar á eftir komu persónuvernd (8,3%) og frímínútur (8,3%).

Yfirleitt eru það foreldrar eða foreldrafélög sem leita ráðgjafar (81,3%). Því næst koma aðilar úr skólasamfélaginu en aukning hefur verið á að kennarar og skólastjórnendur leiti til samtakana og voru tæplega 9,3% af þeim sem leituðu til samtakana árið 2023., Samstarfsaðilar voru 6,3% og aðrir voru 6,2% (Sjá mynd 2.)


Foreldrafélög og foreldrasamtök spurðu oftast um réttindi og skyldur (18,2%) og óskuðu eftir ráðgjöf og handleiðslu með skipulag (45,5%). Í 27,2% tilvika var óskað eftir fræðslu/fyrirlestrum og síðan spurt um aðkomu að stjórnsýslu (9,1%)".



MYND 1. - ÞEGAR HRINGT ER VEGNA LÍÐAN NEMENDA



MYND 2. - HVERJIR HRINGJA



MYND 3. - RÁÐGJÖF TENGD NETÖRYGGI

Hluti ráðgjafarinnar tengist netnotkun og fellur undir SAFT verkefnið: Samfélag, fjölskylda og tækni. Tegund ráðgjafar skiptist nokkuð jafnt yfir viðfangasefni. Oftast var hringt vegna netöryggi/siðferði (25%) en einnig var hringt vegna neteineltis, hatursorðræðu, ósk um námsefni, ofnotkun, lög og reglu, netöryggi og kláms svo dæmi séu tekin. Sjá mynd 3.

3.2. ÞJÓNUSTA VIÐ SKÓLASAMFÉLAGIÐ

Styðjandi gagnkvæmt samstarf heimila og skóla er gríðarlega mikilvægt og hefur fjölþætt jákvæð áhrif á nám og velferð barna og unglinga. Árin 2020-21 reyndi sannarlega á alla þætti þjóðfélagsins og upplýsingaflæði milli heimila og skóla var gríðarlega mikilvægt í fordæmalausum og krefjandi aðstæðum. Heimsfaraldur hafði einnig áhrif í upphafi árs 2022 en svo fór starfið að fara í samt far á ný. Þrátt fyrir erfiðar áskoranir þá var þetta líka tækifæri til nýsköpunar og endurskoðunar á fyrri leiðum í samskiptum og upplýsingagjöf á milli heimila og skóla. Það hefur verið veruleg áskorun í ljósi aðstæðna fyrir foreldra að sinna foreldra- og bekkjarstarfi. Það mátti sjá að eftir rúmlega tveggja ára heimsfaraldur hefur foreldrastarf verulega látið á sjá enda aðgengi foreldra að skólum lengi vel lítið sem ekkert og því verulega dregið úr virkni foreldrastarfs. Það er mikilvægt að allir hagaðilar eru meðvitaðir og hafi þekkingu á þeim jákvæðu áhrifum sem öflugt foreldrastarf leiðir af sér.
Heimili og skóli hafa sinnt hlutverki sínu vel á þessum sérkennilegu tímum og tekið virkan þátt og sýnt frumkvæði í öllu samstarfi og samtali með menntayfirvöldum, öðrum hagaðilum sem og í fjölmiðlum með greinaskrifum og viðtölum. Fundað er reglulega með fjölbreyttum samráðshópum um skólahald og velferð barna og ungmenna, markviss upplýsingagjöf og samtal við fulltrúa foreldra og aðra hagsmunaaðila.

Starfsmenn og stjórn Heimilis og skóla sitja í fjölda samstarfshópa bæði hérlendis og erlendis auk vinnuhópa á vegum stjórnvalda. Á árinu 2023 vorum við í virku samstarfi og með setu í á annan tug samstarfs- og vinnuhópum hérlendis sem erlendis. Hlutverk og tengslanet Heimilis og skóla liggur víða sem er mikilvægt og á það bæði við um foreldastarf sem og netöryggismál tengt SAFT verkefnum.

Ljóst er að hlutverk samtaka líkt og Heimili og skóla hefur sjaldan verið mikilvægara en nú á tímum og það liggja tækifæri við að stuðla enn frekar að farsæld barna og ungmenna með virku samstarfi heimila og skóla. Það var í lok árs 2022 sem unnið var að drögum að viðaukasamning við mennta- og barnamálaráðuneytið með það að markmiði að endurreisa foreldrastarf um allt land í þágu farsældar barna. Gengið var frá viðamiklum samningi vegna þess verkefnis í upphafi árs 2023. Lesa má betur um fravindu þess verkefnis í sér skýslu sem fylgir þessari skýrslu

Samtökin bjóða upp á fræðslu, fyrirlestra og námsefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og má í raun segja að stærsti hluti starfsins sé í eðli sínu forvarnafræðsla. Boðið er m.a. upp á fræðslu um: foreldrastarf, bekkjarstarf, leiðir foreldra til áhrifa, foreldrasáttmála, læsissáttmála, einelti og vináttufærni og fjölbreytt námskeið/fræðslu s.s. fyrir bekkjarfulltrúa, stjórnir foreldrafélaga. Einnig eru samtökin með fjölþætt SAFT námskeið um örugga og bætta netnotkun barna og unglinga fyrir börn og foreldra ásamt fræðslu í samstarfi við sérfræðinga um brýn málefni hvers tíma.

Samtökin fóru víða um land með fundi fyrir foreldra, börn og starfsfólk í skólakerfinu sem vöktu mikla lukku. Jafnframt var lögð áhersla á að fundum yrði streymt þannig að sem flestir gætu notið þeirra. Á fræðslufundunum á vormánuðum náðum við til 3000 foreldra,

Eitt meginmarkmið Heimili og skóli er að efla og styrkja foreldra til þátttöku í foreldrasamstarfi, aðkomu að stefnumótun í skólastarfi. Efla og koma á fót svæðasamtökum foreldrafélaga til að auka samstarf og upplýsingaflæði.

Markmið þessa grasrótarstarfs er að styðja við starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang og virkja þau til áhrifa í skólastarfi.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti/tengslanet þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum í skólum landsins sem og annarra hagaðila.

3.3. FULLTRÚARÁÐ OG SVÆÐASAMTÖK

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa til setu í fulltrúaráði samtakanna. Fulltrúi SAMTAKA á Akureyri, Daníel Sigurður Eðvaldsson, er nú fulltrúi fulltrúaráðs í stjórn.

Svæðasamtök foreldra starfa víða um land en það starf þarf að styrkja frekar og verður lagst í að stofna svæðasamtök allt í kringum landið. Svæðasamtökin eru samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga um allt land og mikilvægur vettvangur fyrir foreldrastarf og um leið styðjandi við skólastarf. Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að miðla og vekja athygli á því sem betur má fara og bætt getur líðan barna og námsárangur en einnig til að styrkja gott foreldrastarf um allt land.

Rannsóknir sýna að samstarf heimila og skóla leiðir til betra skólastarfs og því er mikilvægi foreldrafélaga verulegt og ekki síst nú vegna áhrifa eftir heimsfaraldur. Samtal við stjórnvöld var vel virkt á árinu sem og vettvang um allt land og eftir það samtal var ákveðið að setja af stað sérstakt átak til að endurreisa foreldrastarf árið 2023. Í þessu verkefni verður einnig lögð sérstök áhersla að koma á svæðasamtökum um allt land sem og að efla fulltrúaráðið til muna. Haldinn var netfundur með fulltrúaráðinu en ekki náðist að boða á staðfund þetta árið og bíður hann til hausts.

3.4. FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS OG SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í 28. sinn við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu 30. maí 2023.
Í ár hlaut leikskólinn Tjarnarsel í Reykjanesbæ Foreldraverðlaunin fyrir verkefnið “Áskorun og ævintýri - sjálfboðastarf í grænum skóla”. Fram kemur í tilnefningu verkefnisins að síðustu ár hefur farið fram mikil og öflug vinna í að umbylta flötu og litlausu útisvæði leikskólans í náttúrulegan garð. Þessi vinna hefur eingöngu farið fram í sjálfboðavinnu. Börn leikskólans og fjölskyldur þeirra mæta á svæðið í byrjun sumar og vinna hörðum höndum að því að hafa garðinn fínan.

Sérstök hvatningarverðlaun voru veitt þetta árið. Verkefnið “Upprætum ofbeldi og fordóma” er sameiginlegt verkefni fjölskyldna og skólasamfélagsins í Laugarnesskóla. Verkefnið felst í því að uppræta fordóma og tala fyrir víðsýnu samfélagi þar sem öll mega vera eins og þau eru.

Dugnaðarforkur Heimilis og skóla árið 2023 er Stefán Már Gunnlaugsson. Stefán hefur unnið styðjandi og óeigingjarnt starf til eflingar á samstarfi heimila og skóla. Hann hefur um nokkura ára skeið verið formaður foreldrafélags Hraunvallaskóla í Hafnarfirði og öflugur talsmaður jákvæðs foreldrasamstarfs. Stefán hefur með vinnu sinni náð að virkja foreldra til þátttöku og stuðlað að jákvæðu viðhorfu og auknu samtali milli heimilis og skóla. Einnig hefur hann átt gott og farsælt samstarf við skólann sjálfann, starfsfólk og stjórnendur og átt frumkvæði í að setja skýran og árangursríkann ramma um samstarfið.

Við óskum vinningshöfum innilega til hamingju og þökkum kærlega þeirra starf í þágu skólasamfélagsins. Mikilvægt er að vekja athygli á því sem vel er gert í okkar samfélagi og ekki hvað síst nú þegar við þurfum að fást við ýmsar áskoranir. Saman áorkum við miklu meiru en sundruð og Foreldraverðlaunin minna okkur á hverju samtakamátturinn fær skilað.

Í dómnefnd árið 2023 sátu:

Jóhann Gunnarsson, formaður dómnefndar, Heimili og skóli
Mjöll Matthíasdóttir, Kennarasamband Íslands
Guðni R. Björnsson, forvarnaráðgjafi, Funi
Ingibjörg Guðmundsdóttir, Embætti landlæknis
Stefanía Sörheller, Reykjavíkurborg
Þóroddur Helgason, fræðslustjóri í Fjarðabyggð
Guðni Olgeirsson, mennta-og barnamálaráðuneyti
Soffía Pálsdóttir, Reykjavíkurborg

Samtökin þakka dómnefnd vel unnin störf.

Einnig þökkum við IKEA fyrir að styðja við Foreldraverðlaunin árið 2023.



STEFÁN MÁR, DUGNAÐARFORKUR HEIMILIS OG SKÓLA 2023



FULLTRÚAR LEIKSKÓLANS TJARNASELS MEÐ FORELDRAVERÐLAUNIN 2023



FRÁ FORELDRAVERÐLAUNUM 2023

3.5. STARFSKYNNING

Heimili og skóli hafa í gegnum tíðina tekið á móti háskólanemum í starfskynningu og komu nemar í uppeldis- og menntunarfræði í heimsókn á skrifstofuna og fengu kynningu á samtökunum. Ásamt þeim komu einnig erlendir hópar í heimsókn.

3.6. ENDURREISN FORELDRASTARFS

Heimili og skóli fengu fjárhagslegan stuðning frá mennta- og barnamálaráðuneyti til þess að efla foreldrastarf og styðja innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
Markmið verkefnisins er að stuðla að endurreisn og eflingu foreldrastarfs um land allt á leik- grunn- og framhaldsskólastigi með því að virkja foreldra, veita þeim stuðning ásamt því að gefa þeim hlutverk og verkfæri til þess að vera virkir þátttakendur í öflugu samstarfi við skóla, aðra foreldra og sveitarfélögin.
Nánari upplýsingar um verkefnið í heild er að finna í meðfylgjandi stöðuskýrslu um endurreisn foreldrastarfs.

3.7. DAGUR GEGN EINELTI



VERÐLAUNAHAFI HVATNINGARVERÐLAUNA Á DEGI GEGN EINELTI 2023, LILJA ÓSK MAGNÚSDÓTTIR

Dagur gegn einelti var 8. nóvember, en hann var haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti hér á landi 8. nóvember árið 2011 og hefur síðan verið haldinn fyrsta virka dag kringum þá dagsetningu. Markmiðið með Degi gegn gegn einelti er m.a. að efna til umræðu, fræðslu og viðburða til að vinna gegn einelti, hvetja til jákvæðra samskipta og efla vináttu. Heimili og skóli hafa umsjón með dagskrá Dags gegn einelti í samstarfi við Menntamálastofnun.

Hefð er fyrir því að á þessum degi séu veitt hvatningarverðlaun, einstaklingi eða verkefni sem hefur að markmiði að vinna gegn einelti og styðja við jákvæð samskipti. Skólar og foreldrafélög eru einnig hvött til að standa fyrir verkefnum eða gera eitthvað táknrænt sem hvetur til jákvæðra samskipta.

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands, og Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra veittu hvatningarverðlaun á Degi gegn einelti við hátíðlega athöfn í Hólabrekkuskóla í Breiðholti þann 8. nóvember. Fagráð gegn einelti hjá Menntamálastofnun valdi verðlaunahafa úr innsendum tilnefningum og fyrir valinu varð Lilja Ósk Magnúsdóttir, verkefnastýra forvarna- og félagsmála hjá Tækniskólanum. Hún er einnig fræðari hjá Samtökunum 78. Verkefnin sem hún vinnur byggjast að miklu leyti á samskiptum og fræðslu til ungsfólks og að miðla boðskap um betra samfélag og mannréttindi. Í tilnefningu segir að Lilja sé einstaklega flink í að tala við fólk á jafnréttisgrundvelli og leggur mikla alúð í sín störf.

Þorvar Hafsteinsson formaður Heimilis og skóla og Sigrún Garcia Thorarensen formaður fagráðs gegn einelti ávörpuðu samkomuna auk Guðna Th. forseta Íslands og Ásmundi Einari Daðasyni mennta- og barnamálaráðherra. Einnig tók verðlaunahafi til máls.
Skólakór Hólabrekkuskóla tók vel valin lög og nemendur í 8. bekk skólans sýndu dansatriði. Að lokinni athöfn var boðið upp á léttar veitingar.



DANSHÓPURINN STILLIR SÉR UPP ÁSAMT FORSETA ÍSLANDS

3.8. FRÆÐSLUSAMNINGAR VIÐ SVEITARFÉLÖG

Það er markmið Heimili og skóla að koma á fleiri fræðslusamningum á við sveitarfélög en það tryggir ákveðinn jöfnuð á þjónustu við foreldra, nemendur innan hvers sveitarfélags. Samningur Heimilis og skóla, Fjarðabyggðar og Fjarðaforeldra er þess efnis að fagaðilar frá Heimili og skóla koma árlega með fræðslu til skólasamfélagsins í Fjarðabyggð. Áherslan er fyrst í stað lögð á SAFT fræðslu, þ.e. jákvæða og örugga netnotkun barna og unglinga ásamt fræðslu til bekkjarfulltrúa og foreldrafélaga í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Það er markmið þessara samninga að efla og styrkja börn, ýta undir að þau blómstri í og utan skóla á fjölbreyttan hátt. Til þess að ná því markmiði er samstarfið og samheldnin mikilvæg, að allir gangi í takt, að heilbrigð og hvetjandi samræða eigi sér stað og nægt svigrúm sé fyrir gleði og umburðarlyndi.

3.9. SAMTAL VIÐ VETTVANG – FERÐ UM LANDIÐ

Farið var í einskonar kynningarferð um norður- og austurland s.l. haust til að eiga samtal við foreldra, skólastjórnendur og fræðslustjóra um foreldrastarf, netöryggismál og samstarf heimila og skóla. Fundað var með Norðurþingi, Akureyri, Dalvík, Múlaþingi og Fjarðabyggð í þessari ferð.

Markmiðið með ferðinni var að tengja starf Heimilis og skóla betur við landsbyggðina, heyra hver staðan er hjá þeim og að kynna fyrir þeim hugmynd að samstarfssamningi líkt og gert var við Fjarðabyggð og Hafnarfjörð og hefur gefist vel.

4. SAFT

4.1. AÐGERÐARÁÆTLUN UM ÖRUGGA NETNOTKUN

Frá árinu 1999 rak Evrópusambandið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallaðist Safer Internet Action Plan, þeirri áætlun lauk árið 2014. Verkefnin voru færð yfir á nýja samgönguáætlun ESB (CEF – Connecting Europe Facility) sem var í gildi frá 2014-2021, undir formerkjunum Better Internet. Markmið áætlunarinnar var að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, m.a. með því að vinna gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.

Áætluninni er skipt í fjórar meginaðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu
- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í 31 Evrópulandi. Verkefnin eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE (www.saferinternet.org og www.betterinternetforkids.eu) og er samhæft af evrópska skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org).

4.2. SAFT VERKEFNIÐ Á ÍSLANDI

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT.

Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, upplýsingatækniiðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt.

Sérstök verkefnisstjórn átaksins er skipuð fulltrúum frá: ráðuneytum mennta- og menningarmála, samgöngu- og sveitarstjórna og félagsmála, Háskóla Íslands, Barnaheill, Fjölmiðlanefnd, Ríkislögreglustjóra, Rauða krossi Íslands, Persónuvernd auk verkefnisstjóra SAFT. Í baklandi verkefnisins sitja fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá: stjórnvöldum, úr viðskiptalífinu, frá rannsóknaraðilum og menntunar- og forvarnaraðilum.

4.3. FRAMKVÆMD VERKEFNIS

Árið 2022 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum, gaf út fræðsluefni fyrir börn og fullorðna og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar.

4.4. FRÆÐSLUERINDI

Fjölmörg fræðsluerindi voru haldin á árinu um land allt fyrir nemendur, foreldra, kennara og annað fagfólk. Boðið var upp á erindi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Mikil eftirspurn var af vettvangi af allskonar fræðsluerindum en sérstaklega SAFT netöryggisfræðslu fyrir nemendur og foreldra. Fjöldi erinda og fræðsla fór vel yfir 50 á árinu og var haustið þétt bókað í SAFT fræðslu víða um land og þörfin mikil fyrir frekari fræðslu fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk skóla.

4.5. VEFSÍÐUR OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Heimasíða verkefnisins er http://saft.is SAFT er líka með Facebook, Instagram og Twitter-síðu, Youtube-rás og hlaðvarp.

4.6. ALÞJÓÐLEGI NETÖRYGGISDAGURINN

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur 8. febrúar 2023. Þemað var „Sameinumst um að gera netið betra!" og yfir 200 þjóðir stóðu fyrir skipulagðri dagskrá þennan dag. SAFT tók þátt í miðlaæsisvikunni sem var haldin í samstarfi við tengslanetið - TUMI sem leitt er af Fjölmiðlanefnd

4.7. ÁBENDINGAHNAPPUR

Haldið var áfram að kynna ábendingahnapp um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu. Ábendingahnappurinn er starfræktur í samstarfi SAFT en Barnaheill - Save the Children á Íslandi og embættis Ríkislögreglustjóra halda utan um verkefnið.

4.8. TUMI - TENGSLANET UM MIÐLALÆSI

SAFT var virkur þátttakandi í TUMA tengslanetinu en það er samstarfsvettvangur fjölmargra aðila um eflingu miðlalæsis í íslensku samfélagi. Stór hluti samstarfsins fór í að undirbúa fyrstu miðlalæsisvikuna hér á landi sem var haldin hátíðleg í byrjun árs 2023 en stærsti hluti undirbúningsins fór fram árið 2022. Meðal annars voru gefin út myndbönd og veglegt málþing var haldið.

4.9. MENNTAFLÉTTA UM STAFRÆNA BORGARAVITUND

Fulltrúi SAFT var í samstarfshópi um námskeið á vegum Menntafléttunar um stafræna borgaravitund. Námskeiðið var ætlað kennurum og öðru fagfólki sem starfa á vettvangi við að fræða nemendur sína um stafræna borgaravitund og ábyrga netnotkun. Verkefnið hófst árið 2022 og kláraðist 2023.

4.10. UNGMENNARÁÐ SAFT

Ungmennaráð SAFT hefur starfað frá árinu 2009 og samanstendur af ungmennum á aldrinum 14-17 ára sem koma víðs vegar af landinu. Ráðið kemur að hugmyndavinnu SAFT um hvernig kenna megi ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, vinnur að hönnun kennsluefnis, er ráðgefandi um framkvæmd herferða og gefur álit sitt á fræðsluefni sem samtökin gefa út, auk þess sem meðlimir ráðsins taka þátt í ýmsum viðburðum og málþingum er varða netið. UngSAFT gerðist áheyrnarmeðlimur í Landssambandi ungmennafélaga á árinu.

Einn fulltrúar UngSAFT fóru til Brussel á BIK Youth ráðstefnuna seint á síðasta ári í fylgd með sérfræðingum SAFT. Ungmennin á ráðstefnunni ályktuðu að þau ætluðu að gera netið að betri og öruggari stað fyrir ungmenni, hvort sem þau fá hjálp frá fullorðnum eða ekki.

4.11. STAFRÆNIR FORELDRAFUNDIR

Í lok árs tók SAFT þátt í tveimur stafrænum foreldrafundum þar sem rætt var um mikilvægi þess að fræða börn um jákvæða nethegðun. Mörg þúsund manns sáu fundina í beinni útsendingu eða í upptöku eftir fundina.

4.12. SNJALLVAGNINN - STAFRÆN BORGARAVITUND BARNA

Á árinu var unnið í samstarfi við önnur Norðurlönd, Insight og Huawei var farið í þýðingu og aðlögun af Belgísku kennsluefni (SmartBus) þar sem markmiðið er að efla stafræna borgaravitund nemenda á unglingastigi. Í aðdraganda verkefnisins stóðu Norðurlöndin fyrir könnun meðal nemenda á unglingastigi, en niðurstöður könnunar sem voru birtar snemma árs 2021 og 2023, voru notaðar til að móta efnistök fræðslunnar.

4.13. ELDRI KENNIR YNGRI - JAFNINGJAFRÆÐSLA

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Heimili og skóli /SAFT taka höndum saman um að efla jafningjafræðslu um jákvæða og ábyrga netnotkun meðal grunnskólanema árið 2022. Leitað var til Grunnskóla Seltjarnarness til að vera með okkur í þessu tilraunaverkefni. Samstarfið gekk mjög vel og í vormánuðum fóru sérfræðingar SAFT vikulegar heimsóknir til að fræða unglinga í skólanum um jákvæða og ábyrga netnotkun og hjálpa þeim að setja upp kynningar fyrir miðstigsnemendur skólans. Verkefnið var unnið í nánu samstarfi við kennara og skólastjórnendur. Verkefninu er nú lokið en Grunnskóli Seltjarnarness hefur haldið áfram með þróun verkefnisins

Verkefnið gekk vonum framar og hefur Grunnskóli Seltjarnarness framkvæmt verkefnið aftur á eigin vegum og verður það vonandi fastur liður í starfi skólans. Markmiðið í framhaldinu að gefa út leiðbeiningar fyrir skóla sem eru áhugasamir um að taka upp verkefnið.

5. ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG VEFSÍÐA

5.1. FORELDRASÁTTMÁLI, HANDBÆKUR OG BÆKLINGAR

Foreldrasáttmálinn er vinsælt og sniðugt verkfæri til að stuðla að umræðum foreldra og samtakamætti þeirra. Á heimasíðu samtakanna eru kynningarglærur fyrir Foreldrasáttmála sem auðvelda fulltrúum foreldra kynningu og fyrirlögn sáttmálans.

Nú hefur farsældarsældarsáttmálinn tekið við hlutverki foreldrasáttmálans

5.2. NETSÁTTMÁLI

Unnið er að gerð einskonar nettsáttmála sem svipar til foreldrasáttmálans með það að markmiði að stuðla að frekara samstarfi og efla samtakamátt foreldra er varðar heilbrigða og uppbyggjandi netnotkun barna og ungmenna. Hlutverk foreldra er gríðarlega mikilvægt m.t.t. forvarna varðandi netnotkun og stafræna borgarvitund. Sáttmáli/nettsáttmáli kemur til með að styrkja foreldra enn frekar sem og að skapa tækifæri til umræðu á meðal foreldra sem og á milli foreldra og barna um hvernig er best að fóta sig á þessum vettvangi.

5.3. LÆSISSÁTTMÁLI

Sáttmálanum svipar til Foreldrasáttmála Heimilis og skóla en hann inniheldur sex atriði um lestur og læsi sem rædd eru á fundi bekkjarforeldra með umsjónarkennara og ítarefni dreift. Umræðurnar eru síðan rammaðar inn með undirskrift sáttmálans á táknrænan hátt og hann hengdur upp í skólastofu nemenda. Auk sáttmála og ítarefnis eru til bókamerki, kvittanahefti og ískápsseglar sem tengjast verkefninu sem kom fyrst út árið 2016.

5.4. TÍMARIT HEIMILIS OG SKÓLA

Árið 2022 var ákveðið að hætta að gefa út tímarit samtakanna í pappírsformi en þess í stað að gefa út veftímarit sem væri lifandi. Veftímaritið var opnað formlega í 30 ára afmælisveislu Heimilis og skóla. Veftímaritið fékk nafnið Farsælir foreldrar – Veftímarit Heimilis og skóla. Slóðin á veftímaritið er https://www. farsaelir.is

5.5. HLAÐVARP HEIMILIS OG SKÓLA/SAFT - ÞAÐ ÞARF ÞORP

Farið var af stað með hlaðvarp til að auka þjónustu Heimilis og skóla enn frekar við að miðla fræðslu og málefnum líðandi stundar. Viðtökurnar hafa verið mjög góðar og fjölmargir aðilar sem vinna að velferð barna og ungmenna með einum eða öðrum hætti hafa komið og miðlað þekkingu sinni og viðhorfum. Hlaðvarpið er öflugur miðill og gefur okkur fjölmörg tækifæri til að nálgast betur þá sem sækja þjónustu okkar sem og að miðla þekkingu sérfræðinga á ólíkum málefnum.

5.6. HEIMASÍÐA OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Á heimasíðu samtakanna, http://heimiliogskoli.is, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi. Heimili og skóli eru með Facebook-síðu sem opnuð var haustið 2009 og Youtube-rás. Samtökin hafa nú 6.073 fylgjendur á Facebook.

SAFT er með eigin síðu, http://saft.is og aðgang að helstu samfélagsmiðlum s.s. Facebook og Youtube. Auk þessa sjáum við um Facebook-síðurnar neteinelti.is og Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð.

Heimasíða Heimili og skóla, og heimasíða SAFT hafa verið verulega endurbættar undanfarið ár. Væntum við þess að við þessar breytingar komum við til með sjá að aukna notkun á heimasíðunni með bættu aðgengi notenda að fræðsluefni og upplýsingum sem þar má finna.

6. SAMSTARF INNANLANDS

Heimili og skóli – landssamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu, fulltrúar samtakanna áttu sæti í fjölmörgum nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum. Sum eru í eðli sínu forvarnaverkefni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna sem og samstarfi heimila og skóla.

6.1. SAMANTEKT VINNUHÓPA OG NEFNDA

Fulltrúar frá Heimili og skóla eru í eftirfarandi samstarfshópum, verkefnum og nefndum.

- Samráðshópur mennta- og barnamálaráðherra með helstu lykilaðilum á leik- og grunnskólastigi.
- Barnaréttarvaktin með lykilsamtökum sem berjast fyrir réttindum barna.
- Velferðarvaktin. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
- Náum áttum er fræðslu- og forvarnahópur sem skipuleggur mánaðarlega morgunverðarfundi um ýmis mál er varða forvarnir og velferð.
- SAMAN-hópurinn vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna og sendir jákvæð og uppbyggjandi skilaboð til foreldra.
- TUMI tengslanet um upplýsinga- og miðlalæsi á Íslandi. Hlutverk tengslanetsins er að auðvelda upplýsingaskipti milli þeirra aðila sem vinna að upplýsinga- og miðlalæsi á Íslandi og greiða fyrir samstarfi meðlima.
- Forvarnardagurinn 2023. Dagurinn var haldinn í fyrsta sinn árið 2006 og hefur síðan þá verið haldinn á hverju ári í október. Heimili og skóli er með fulltrúa í hóp þeirra sem að deginum standa en það eru: Embætti landlæknis í samstarfi við embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Skátana, Ungmennafélag Íslands, Rannsóknir og greiningu, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samstarf félagasamtaka í forvörnum, Samfés og Heimili og skóla.

- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefninu Göngum í skólann. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Embætti landlæknis, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþrótta- og ólympíusamband Íslands.
- Heimili og skóli eiga aðild að Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum.
- Dagur leikskólans. Samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra.
- Starfshópur mennta- og barnamálaráðuneytis sem gera skal tillögur að leiðbeiningum fyrir starfsfólk og stjórnendur grunnskóla um viðbrögð við atvikum sem upp kunna að koma í skólastarfi.
- RANNUM – rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun.
- Dómnefnd í smásagnasamkeppni KÍ og Heimilis og skóla.
- Ráðgjafanefnd Menntamálastofnunar. Verkefni nefndarinnar er að vera forstjóra til ráðgjafar um langtímastefnumótun um starfsemi stofnunarinnar.
- Heimili og skóli eiga víðtækt samstarf við þriðja geirann og eru hluti af Almannaheill – samtökum þriðja geirans.
- Starfshópur um endurskoðun 16. kafla aðalnámskrár grunnskóla. Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- Samráðshópur helstu hagsmunaaðila um framkvæmd og fyrirkomulag nýs matsferils. Menntamálstofnun.
- Forvarnar og geðræktarhópur SSH – Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

7. ERLENT SAMSTARF

7.1. NOKO - NORDISK KOMITTÉ

Heimili og skóli eru í norrænu samstarfi NOKO, Nordisk Komitté, með foreldrasamtökum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir. Einnig er haldin ráðstefna annað hvert ár. Finnsku foreldrasamtökin Suomen Vanhempainliitto bættust í hóp samstarfsaðila NOKO í apríl 2019 en fyrir voru finnsku foreldrasamtökin Hem och skola sem eru foreldrasamtök sænskumælandi Finna ásamt foreldrasamtökum hinna Norðurlandanna. Ísland fór með með formennsku í NOKO og var tímabilið framlengt þar sem ekki reyndist unnt að halda áætlaða NOKO ráðstefnu hér á landi í september 2020 eins og áætlað var en þar áttu að fara fram formannaskipti. Ráðstefnunni var frestað til haustsins 2022 og var haldin þá í Hveragerði á sama tíma og samtökin voru 30 ára þann 17. september.

Vegna farsóttarinnar féllu öll ferðalög og staðbundnir fundir niður í upphafi árs en haldinn var fjarfundur á Zoom í febrúar og svo stjórnarfundur í september 2022 á ráðstefnunni í Hveragerði og þar tók Danmörk við formennsku.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði NOKO: http://noko.hemochskola.webbhuset.fi/start/.

7.2. NABO - NORRÆNT SAMSTARF GEGN EINELTI

Árið 2018 hófst formlega norrænt samstarf gegn einelti en FRIENDS International Center Against Bullying í Svíþjóð (Stiftelsen Friends) hafði í nokkurn tíma verið í sambandi við ýmsa hagsmunaaðila á Norðurlöndunum í því augnamiði að skapa sameiginlegar vettvang til að deila þekkingu og vinna gegn einelti. Heimili og skóli hefur verið virkur þátttakandi í starfinu og m.a. sótt fundi og ráðstefnu World Anti-Bullying Forum sem haldin er annað hvert ár.

7.3. SAMSTARFSVERKEFNI - PÓLLAND

Heimili og skóli er aðili að verkefni styrktu af EEA (Evrópska efnahagssvæðið), verkefninu er stýrt af samtökum í Póllandi, House of skills, Empowering Children Foundation og Polish Safer Internet Centre. Undirbúningur fyrir verkefnið hófst síðla árs 2021 en formlega fór það af stað í upphafi árs 2022 og lauk í lok árs 2023. Markmið verkefnisins er að útbúa kennsluefni, greiningartæki og gagnvirkt efni til að bregðast við og koma í veg fyrir andlega erfiðleika og félagslega vanvirkni hjá börnum og ungmennum sem rekja má til neikvæðrar tölvu/netnotkunar. Verkefnið m.v. tvo aldurshópa 6-10 ára og 11-15 ára. Efninu verður dreift til aðila er koma að velferð barna með ólíkum hætti. Í Póllandi er markmiðið að efnið nái til um 600 barna og 960 foreldra auk þess sem um 200.000 kennarar fái efnið og má ætla að a.m.k. 10.000 kennarar í Póllandi komi til með að nýta sér efnið með markvissum hætti. Með sama hætti verður unnið að dreifingu hér á landi og í samstarfi við hagaðila.



FARSÆLDARSÁTTMÁLINN KYNNTUR Á PÓLSKRI KENNARARÁÐSTEFNU.

7.4. SVIPMYNDIR FRÁ ÁRINU












Farsældarsáttmáli
Dalabyggðar

8. LOKAORÐ

Á þessum tímamótum, þegar við gerum upp starfsárið 2023 upp, þá er það engum öfsögum sagt, að árið sem við nú gerum upp, hafi verið mjög viðburðarríkt og verkefni Heimili og skóla að sama skapi mörg, umfangsmikil og fjölbreytt. Það er ánægjulegt að horfa til baka, til þess mikla árangur sem hefur náðst hefur og til þess víðtæka samtarfs og samvinnu sem komið var á milli allra hagaðila skólasamfélagsins að undirlagi og með stuðningi ráðherra Mennta– og barnamála og starfsfólks ráðuneytisins.

Í upphafi ársins gerðu Heimili og skóli og Mennta- og barnamálaráðuneytið með sér samstarfssamning um “Endurreisn foreldrasamtarfs í kjölfar heimsfaraldurs”. Umræddur samningur var án nokkurs vafa sá stærsti og umfangsmesti sem samtökin hafa ráðist á ríflega 30 ára líftíma samtakanna og var verkefninu formlega hleypt af stokkunum í janúar 2023. Framkvæmd og framvinda verkefnisins gekk vonum framar og voru viðtökur allra hagaðila með jákvæðasta móti, enda til mikils að vinna og hagur allra þeirra sem málið varðar augljós.

Þegar horft er til baka, þá er það alveg ljóst að ef ekki hefði verið fyrir gott samtal allra hagaðila í gegnum samráðshóp sem settur var á stofn til ráðgjafar þessu mikilvæga verkefni og leiddur er af Heimili og skóla, þá værum við ekki stödd á þeim stað sem við erum í dag. Fyrir hönd Heimilis og skóla vil ég koma á framfæri okkar bestu þökkum fyrir ómetanlega ráðgjöf og gott samtal til allra þeirra er að því samtali komu; ráðherra, ráðuneytisstarfsmönnum, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Barna- og fjölskyldustofu, Grunnur – félag fræðslustjóra og stjórnendur skólaskrifstofa, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Skólameistarafélag Íslands, Kennarasambandið, Móðurmál, Samfés, LUF – landsamband ungmennafélaga, ÍSÍ – Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og Embætti landlæknis.

Þetta viðamikla verkefni var og er í eðli sínu byggt á og háð samstarfi ofantaldra aðila, m.t.t. þess; að ná til foreldra og þá ekki síst foreldra með erlendan bakgrunn, samtöl við kerfi og sveitarfélög, samtöl við skólafólk, að ná til grasrótarinnar, að ná saman og geta spegla hugmyndir og þarfir samráðshópsins í þessari vinnu og virkja þeirra fulltrúa.



ÞORVAR HAFSTEINSSON
FORMAÐUR HEIMILIS OG SKÓLA

Þær viðamiklu breytingar, sem við nú þegar höfum séð á liðnu ári eru á við að minnst tveggja ára þróun í eðlilegu árferði. Eins og fyrr segir þá hefur samráðshópurinn í kringum verkefnið, haft verulega jákvæð áhrif og þau skýru skilaboð frá mennta- og barnamálaráðuneytinu við gerð viðaukans að samvinna skipti höfuðmáli hefur greitt götuna svo um munar. En það sem hefur skipt hvað mestu máli, styrkt framgang verkefnisins og haft jákvæð áhrif er þörfin fyrir verkefnið. Þörfin fyrir að tengja aðila saman, virkja, valdefla og fræða foreldra í hlutverki sínu og draga þau að borðinu.

Aðdragandi þess að Heimili og skóli tók að sér þetta verkefni var mjög stuttur, sem hafði þau áhrif, að ekki var að fullu ljóst hversu gífurlega umfangsmikið þetta verkefni er og að sama skapi, að sá tímarammi sem settur var til grundvallar við gerð verk- og kostnaðaráætlunar verkefnisins, var ekki í samræmi við það sem í raun reyndist. Ég leyfi mér þó að fullyrða, að allir þeir sem aðkomu hafa haft að verkefninu og eins þeir sem fylgst hafa með framvindunni, sjái hversu mikill árangur hefur náðst á þessum knappa tíma og eins hversu mikilvæg þessi vinna er.

Fjölmörg sveitarfélög hafa sett sig í samband við samtökin og farið þess á leit að Heimili og skóli aðstoði við innleiðingu Farsældarsáttmálans og nú liggur fyrir að Árborg hefur ákveðið að Farsældarsáttmálinn verði innleiddur í öllum skólum sveitarfélagsins. Skólar á Akureyri, í Vesturbyggð og á Kirkjubæjarklaustri hafa lýst yfir vilja til þess að víkka út verkefnið í samvinnu við Heimili og skóla, eftir heimsókn og kynningu samtakanna á liðnu hausti og í vetur. Af þessu má ljóst vera, að næg verkefni eru framundan og áhugi á verkefninu mikill.

Í upphafi höfðu Heimili og skóli mikla trú á þessu mikilvæga verkefni. Í dag þegar við horfum til baka, til þess sem gert hefur verið, þess mikla árangurs sem við höfum náð og þeirrar miklu samvinnu sem náðs hefur, þá hefur trú okkar á þetta verkefni styrkst til muna. Það er því einlæg von okkar að þessu verkefni verði haldið áfram og sá neisti sem nú hefur verið tendraður verði nærður og þannig tryggt að Farsældarsáttmálinn verði innleiddur í hvert sveitarfélag og viðhaldið til framtíðar.

Eins og fram kom í skýrslu stjórnar á síðasta ári þá var starfsemi SAFT færð yfir til Fjölmiðlanefndar á liðnu ári. Til þess að tryggja að sú yfirfærsla yrði sem sársauka minnst fyrir okkur öll, þá var gerður sérstakur samningur við ráðuneytið sem tryggði að svo yrði og að Heimili og skóli mundi þannig hafa aðkomu að þessum málaflokki í samvinnu við Fjölmiðlanefnd. Við hjá Heimili og skóla kjósum að horfa til tækifæranna, sem þessi breyting hefur í för með sér. Heimili og skóli hefur átt gott samtal við Fjölmiðlanefnd og verður ekki annað ráðið í það, en að samstarf þessara aðila verði með besta móti, þar sem skilvirkni og hagur barna, foreldra og skólasamfélagsins verður okkur leiðarljós. Um þessar mundir vinnur Fjölmiðlanefnd að því að kortleggja verkefnið og þarfagreina. Nú tveimur áratugum eftir að SAFT verkefnið fór af stað á Íslandi afhendum við í Heimili og skóla kyndilinn yfir til Fjölmiðlanefndar, sem á okkar stuðning vísan í þeirri mikilvægu vinnu sem framundan er.

Endurreisn foreldrastarfs var án efa það verkefni sem krafðist mestrar orku af hálfu samtakanna, en samhliða þeirri vinnu unnu samtökin áfram að öðrum verkefnum og skyldum sem fyrr. Sem umsjónar- og framkvæmdaraðili SAFT verkefnisins, sinntu starfsmenn Heimilis og skóla fjölmörgum verkefnum; skipulögðu fyrstu miðlalæsisvikuna á Íslandi, héldu fjölda fræðslu erinda í skólum, hópi foreldra og skólastarfsmanna, á málþingum og ráðstefnum og gaf út fræðsluefni fyrir foreldra og börn, setti svip sinn á vinnu að Farsældarsáttmálanum og tók þátt í samstarfsverkefnum og -hópum sem koma að netöryggi.

Endurreisn svæðasamtaka foreldra um allt land er okkur í Heimili og skóla mikilvægur og og höfum við unnið markvisst af því að virkja foreldra til samstarfs um allt land. Það er ángjulegt að segja frá því að nú fyrir skömmu voru svæðasamtök foreldra í Árborg „Samborg“ endurvakin og fögnum við í Heimili og skóla því sem mikilvægum áfanga á þessari vegferð.

Starfsemi samtakanna eru þó ekki einvörðungu hér innanlands, því Heimili og skóli er virkur aðili að NOKO, samnorrænum samtökum um bætta samvinnu heimila og skóla. Og víða er horft til þess góða starfs sem unnið hefur verið hér á landi á liðnum árum og hefur starfsmönnum Heimilis og skóla verið boðið að taka þátt og kynna okkar starf á erlendri grundu.

Eins og hér hefur komið fram, þá eru verkefni samtakanna mýmörg og fjölbreytt, en eiga það þó öll sammerkt, að styðja við og styrkja skólasamfélagið í heild sinni. Sú elja sem starfsmenn samtakanna búa að og hafa sýnt á liðnu starfsári, sú þekking og reynsla sem þeir hafa fram að færa, er nokkuð sem byggja má á til framtíðar.

Á þessum tímapunkti, þegar ég hér skila af mér starfi sem formaður Heimilis og skóla þá leitar hugurinn til baka til þess tíma þegar ég fyrst gaf mér að foreldrastarfi fyrir u.þ.b. 15 árum síðan, þá með barn í leikskóla, og þaðan, hvert leiðin lá í foreldrastarf í gegnum allan grunnskólann í svæðasamtök foreldra og að endingu þar sem ég stend nú og skila af mér sem formaður Heimilis og skóla.

Á þessari vegferð hef ég fengið að kynnast afburða góðu og ósérhlífnu fólki, sem hefur verið mér innan handar, hjálpað til þegar á móti hefur blásið og gefið sér tíma til að samfagna því sem vel hefur gengið. Öllu þessu fólki er ég óendanlega þakklátur fyrir að auðga líf mitt með nærveru sinni og samvinnu.

Stóran stað í hjarta mínu og þakklæti, eiga samstarfólk mitt í stjórn Heimilis og skóla, sem hafa stutt mig og hvatt allan þann tíma sem við höfum starfað saman, þetta er búið að vera viðburðarríkur tími, sem reynt hefur á samhug og samstarfsvilja allt frá fyrsta degi og við getum öll verið stollt af því sem hefur áunnist á þessu stutta tíma.

Starfsmönnum Heimilis og skóla, fyrr og nú, vil ég færa mínar bestu þakkir fyrir óeigingjarnt starf og einstaklega jákvætt og uppbyggilegt hugarfar gagnvart öllum þeim áskorunum sem við höfum staði frammi fyrir.



VIÐAUKI: LÖG HEIMILIS OG SKÓLA - LANDSSAMTAKA FORELDRA

Nafn og aðsetur

1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík. Félagið starfar samkvæmt lögum nr.110/2021 um félög til almannaheilla.

Tilgangur, markmið og leiðir

2.gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu og rannsóknarstarfsemi sem stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum,
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félög innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

Aðild

3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar og aðal- og varafulltrúar hvers svæðaráðs í fulltrúaráðinu sem greiða félagsgjald. Foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrir geta einnig óskað eftir aðild að samtökunum en hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Stjórnskipulag

4.gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórnmálaflokkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og samfélagsmiðlum þeirra.

Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
d) Kosning í stjórn samtakanna
e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

Stjórn

5. gr. Stjórn samtakanna skipa sjö einstaklingar þar með talinn formaður auk eins varamanns. Annað hvert ár eru á aðalfundi kosnir þrír stjórnarmenn til tveggja ára í senn og tveir hitt árið. Það ár kýs fulltrúaráð samtakanna einn stjórnarmann til tveggja ára. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Ár hvert skal kjósa einn varamenn til eins árs. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs varaformann og ritara.
Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár. Í umboði aðalfundar er hlutverk stjórnar að sjá til þess að samtökunum sé stýrt í samræmi við þessi lög, marka stefnu samtakanna, hafa eftirlit með rekstri þeirra og annast ráðningu framkvæmdastjóra. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en sex sinnum á ári og oftar ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6.gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

7.gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna. Samtökin halda fund með fulltrúaráði að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Fulltrúaráð fjallar um eflingu foreldrastarfs, skólastefnu yfirvalda og velferð skólabarna. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfseminni.

Fjármál

8 gr. Tekjur samtakanna eru:

1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.

Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Reikningar félagsins skulu fullgerðir svo fljótt sem unnt er og liggi frammi einni viku fyrir aðalfund til athugunar fyrir félagsmenn. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda samkvæmt ákvörðun stjórnar, ásamt því að verra kannaðir af kjörnum skoðunarmönnum.

Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

Lagabreytingar

9. gr. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.

10. gr.Þar sem ákvæði þessara samþykkta segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 110/2021 umfélög til almannaheilla, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Lög með breytingum frá aðalfundi haldin þann 25. maí 2022.